

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 21. ágúst 2020.

Fulltrúar LSS var: Hermann Sigurðsson og Magnús Smári Smáráson. Fulltrúar SNS voru: Benedikt Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. **Breytt bakvaktafyrirkomulag hjá Brunavörnum sveitarfélaga. Fækkun á vöktum og greiðslur fyrir bakvaktir.**

LSS óskar eftir að tekið verði fyrir fækkun á bakvakt hjá Brunavörnum X. Fækkað var á bakvakt úr 4 í 3 en LSS gerir athugasemd við þá breytingu vegna þess að þá geti þeir ekki mannað slökkvibíl eins og lög og reglugerðir gera ráð fyrir.

Niðurstaða:

Heimildir forstöðumanna/yfirmanna til stjórnunar byggir á samþykktum hlutaðeigandi sveitarfélags, ákvæðum kjarasamninga og síðast en ekki síst óskráðum meginreglum vinnuréttarins um „stjórnunarrétt vinnuveitanda“. Þá kunna sérákvæði laga um hlutaðeigandi stofnun eða starfsstétt einnig að skipta máli. Í reglunni um „stjórnunarrétt vinnuveitanda“ felast valdheimildir til að stýra og stjórna starfsemi inni innan þeirra marka sem lög og samningar setja. Stjórnunarheimildir lúta m.a. að ákvörðunum um skipulag vinnunnar, hvaða verk skuli vinna, hver skuli vinna þau, með hvaða hætti, hvenær og hvar. Ákvarðanir sem teknar eru dags daglega um störf og verksvið einstakra starfsmanna rúmast jafnan innan þeirra heimilda sem felast í reglunni um „stjórnunarrétt vinnuveitanda“. Almennu eru ekki gerðar formkröfur til slíkra ákvarðana. Heimild eða valdið til að ákveða breytingar á starfi og þar með ráðningarkjörum af hálfu vinnuveitanda er hjá þeim er ræður í starfið samkvæmt þeim kjarasamningi sem um starfið gildir. Sé ákvörðun vinnuveitanda byggð á málefnalegum sjónarmiðum, sbr. réttmætisreglu stjórnisýsluréttarins, hagræðingu, skipulagsbreytingu og faglegum sjónarmiðum, kjarasamningum og þeim lögum og reglum sem um starfið gilda veitir það ekki starfsmanni eða stéttarfélagi ekki andmælarétt samkvæmt 13. gr. stjórnisýslulaga þar sem um er að ræða aðrar ástæður en þær sem varða starfsmanninn sérstaklega.

Að því sögðu þá ber vinnuveitanda að haga starfsemi sinni í samræmi við reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018 og vera með samþykktu Brunavarnaráætlun sbr. lög um brunavarnir nr. 75/2000. Sé LSS á þeirri skoðun að lög og reglugerðir hafi verið brotin verður að taka það upp við HMS sem samþykkir brunavarnaráætlanir og hefur eftirlit með að þeim sé fylgt.

2. Sveitarfélag, tímabundinn ráðning.

Starfsmaður er ráðinn tímabundinni ráðningu til slökkviliðs sveitarfélags. Viðkomandi var ráðinn inn tímabundið 23.04.2019 til 31.08.2019 til afleysinga. Gengið var frá framlengingu á tímabundinni ráðningu starfsmannsins þann 13.08.2019 og var samningurinn framlengdur frá 31.08.2019 til 31.3.2020 og vegna Covid 19 ástands var gengið frá framlengingu ráðningar um mánuð til viðbótar þann 23.03.2020 og var samningurinn framlengdur til 30.04.2020.

Niðurstaða:

Starfsmaður á ekki rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti þar sem um tímabundinn ráðningarsamning var að ræða. Gengið var frá framlengdum ráðningarsamningi í ágúst 2019 og var það ljóst þá þegar hvenær hinn tímabundni samningur tæki enda. Það að samningurinn hafi verið framlengdur um mánuð vegna sérstakra aðstæðna í Covid 19 ástandi getur ekki breytt neinu um framangreinda niðurstöðu.

3. Bakvaktargreiðslur fyrir slökkviliðsstjóra í sveitarfélags

Sveitarfélag óskar eftir skriflegu samþykki samstarfsnefndar SNS og LSS um að semja um annað fyrirkomulag greiðslu fyrir bakvaktir. Sveitarfélag óskar eftir að fjallað verði um erindið með tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga um fjölda útkalla til slökkviliðs Sveitarfélags síðustu 5 ár. Óskað er eftir skriflegu samþykki samstarfsnefndar aðila til að semja um annað fyrirkomulag greiðslu fyrir bakvaktir sbr. grein 2.5.7. í kjarasamningi aðila:

„Grein 2.5.7. um bakvaktir breytist og hljóði svo: Heimilt er með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar/sveitarfélags og með skriflegu samþykki samstarfsnefndar aðila að semja um annað fyrirkomulag greiðslu fyrir bakvaktir en að framan greinir. Liggi samþykki samstarfsnefndar ekki fyrir gildir grein 1.6.2.“

Erindið byggir á samantekt um öll útköll Slökkviliðs sveitarfélags utan dagvinnutíma á árunum 2015 til 2019. Útköllin á síðustu fimm árum eru 93.

Ár	Útköll
2015	20
2016	22
2017	23
2018	14
2019	14

Niðurstaða:

Málinu frestað til næsta fundar. SNS kallar eftir drögum að samkomulagi um málið frá sveitarfélagi.

4. Brunavarnir sveitarfélaga, menn kallaðir úr orlofi til að leysa af í sveitarfélagi

Starfsmenn voru kallaðir úr sumarfríi að beiðni vinnuveitanda til að leysa af á vöktum í sveitarfélagi. Ágreiningur er um hvort aðilar hafi komið til vinnu til að leysa af eða hvort vinnuveitandi hafi verið að kaupa orlof af viðkomandi.

Niðurstaða:

LSS reifar málið og fer það nú í frekari vinnslu aðila.

5. Sveitarfélag, slökkviliðsmaður smitast af Covid 19 í sjúkraflutningum

Starfsmaður smitast í vinnunni af Covid 19 þann 19. mars 2020. Starfsmaður getur samkvæmt trúnaðarlækni ekki starfað lengur við reykköfun og er kominn á dagvaktir. LSS óskar eftir að litið verði á svona mál sem vinnuslys.

Niðurstaða:

LSS reifar málið og fer það nú í frekari vinnslu aðila.

Fleira ekki gert.